

Netmáli	Viðskipti	
B6	8.4.2021	Útgáfa 3.0

B6 Samskipti milli aðila á raforkumarkaði með grunn-, mæli-, og uppgjörsgögn.

1. Inngangur

- 1.1 Í skilmálum þessum er fjallað um samskipti milli dreifiveitna, sölufyrirtækja og jöfnunarábyrgðaraðila vegna nýrra tenginga notenda raforku, notendaskipta, skipta um sölufyrirtæki, mælinga, uppgjörs og stöðvunar á afhendingu raforku.
- 1.2 Skilmálar þessir eru settir af Landsneti hf. samkvæmt heimild í 38. gr. reglugerðar 1150/2019 um raforkuviðskipti og mælingar og byggja á raforkulögum nr. 65/2003 með síðari breytingum.
- 1.3 Skilmálarnir byggja á sænskri útgáfu af Ediel staðlinum um samskipti aðila á raforkumarkaði.
- 1.4 Skilmálar þessir eru staðfestir af Orkustofnun sbr. 38. gr. reglugerðar nr. 1150/2019 um raforkuviðskipti og mælingar.

2. Skilgreiningar

Eftirfarandi skilgreiningar gilda fyrir skilmála þessa:

- 2.1 **Aðilaskrá raforkumarkaðar:** Skrá yfir aðila á raforkumarkaði sem eiga samskipti sín á milli með grunn-, mæli- og uppgjörsgögn samkvæmt Ediel staðlinum.
- 2.2 **Almennur notandi:** Almennir notendur eru notendur eða þjónustuveitendur sem ekki eru stórnottendur eða heildsalar.
- 2.3 **APERAK:** Ediel skeyti til staðfestingar á móttöku og áreiðanleika upplýsinga Ediel skeyta.
- 2.4 **Biðtími:** Sá tími sem notandi hefur til að hafa samband við sölufyrirtæki og láta það senda inn erindi til að grípa sölu á nýjum veitum og við notendaskipti. Biðtíminn er skilgreindur sem 7 dagar að meðtöldum líðandi degi.
- 2.5 **DELFOR:** Ediel skeyti til miðlunar á uppgjörsgögnum og áætlunum.
- 2.6 **Ediel:** Staðall um rafræn skeyti milli aðila á raforkumarkaði sem innihalda upplýsingar um mæli-, grunn- eða uppgjörsgögn eða staðfestingar á móttöku slíkra skeyta.
- 2.7 **Grunngögn:** Upplýsingar um aðila, mælistaði, mæla og áætlaða ársnotkun.
- 2.8 **Jöfnunarábyrgðaraðili:** Er aðili sem ábyrgist með skriflegum samningi við Landsnet að jafnvægi sé milli öflunar raforku, þ.e. raforkuframleiðslu og raforkukaupa annars vegar og ráðstöfunar, þ.e. sölu og notkunar hins vegar.
- 2.9 **MSCONS:** Ediel skeyti til miðlunar á mæligönum.
- 2.10 **Mæligögn:** Upplýsingar um mælingu úr sölumælum og summur þeirra.
- 2.11 **Mælistaður:** Sá staður í dreifikerfi eða flutningskerfi þar sem mæling fer fram.
- 2.12 **Neysluveita:** Raflögn og rafþúnaður innan við stofnkassa eða búnað, sem gegnir hlutverki stofnkassa. Á einni heimtaug geta verið fleiri en ein neysluveita.
- 2.13 **Notendaskipti:** Notandi tekur við neysluveitu.
- 2.14 **Notkunarstaður:** Sá staður þar sem dreifiveita afhendir raforku til almenns notanda.
- 2.15 **Notkunarferilssvæði:** Svæði sem inniheldur alla mælistaði sem mynda einn notkunarferil.
- 2.16 **PRODAT:** Ediel skeyti til að miðla upplýsingum um grunngögn á milli aðila.
- 2.17 **Raforkusölusamningur:** Samningur milli sölufyrirtækis og viðskiptavinar um sölu hins fyrnefnda á raforku til hins síðarnefnda.
- 2.18 **Reikniverkskóði:** Kóði til að lýsa hvernig mælingum í mælistað er skipt upp innan ákveðins tímabils. Sjá einnig tilvísun.
- 2.19 **Samningsbundinn söluaðili:** Ef notandi neysluveitu er með gildan raforkusölusamning við sama sölufyrirtæki á öllum sínum neysluveitum er það sölufyrirtæki skilgreint sem samningsbundinn söluaðili. Þjónustuaðili dreifiveitu ber að halda upplýsingum um samningssamband notenda neysluveitu við samningsbundinn söluaðila í allt að 90 daga frá því að notandi neysluveitu aftengdist henni. Líði lengri tími en 90 dagar frá því að notandi neysluveitu var síðast með tengda neysluveitu, þar ber sölufyrirtæki að ný að tilkynna til þjónustuaðila dreifiveitu um samning við kaupanda raforku innan skilgreinds biðtíma. Að öðrum kosti ber að setja notanda til söluaðila til þrautavara.
- 2.20 **Sölufyrirtæki:** Er fyrirtæki sem selur raforku eða annast raforkuviðskipti hvort sem er í heildsölu eða smásölu.
- 2.21 **Tegundarkóði:** Kóði sem lýsir tegund notkunar, vinnslu eða miðlunar sem mæld er í mælistað. Sjá tilvísun.
- 2.22 **Tengidagur:** Sá dagur þegar mælistaður er tengdur við veitukerfi og raforkuafhending hefst.

Netmáli	Viðskipti	
B6	8.4.2021	Útgáfa 3.0

- 2.23 *Tengisamningur dreifiveitu:* Heimtaugaumsókn eða sérstakur samningur dreifiveitu við almennan notanda eða vinnslufyrirtæki um tengingu þessara aðila við dreifikerfið, dreifingu raforku, mælingu hennar eða aðra þjónustu tengda afhendingarstað raforkunnar.
- 2.24 *Uppgjörsgögn:* Upplýsingar um tímaraðir, notkunarferla og notkun, hlutfallstölur og jöfnunarorku sem notaðar eru í uppgjöri.
- 2.25 *Upphaf afhendingar:* Þegar raforkuafhending samkvæmt nýjum raforkusölusamningi hefst í mælistoð.
- 2.26 *Söluaðili til þrautavara:* Það sölufyrirtæki sem Orkustofnun hefur valið til að afhenda raforku til þeirra notenda sem falla undir ákvæði 5. mgr. 7. gr. reglugerðar um raforkuviðskipti og mælingar.
- 2.27 *Yfirlitskrá grunngagna:* Skrá til afstemmingar grunngagna aðila á markaði.
- 2.28 *Þjónustuaðili dreifiveitna:* Aðili sem sér um miðlæg samskipti aðila á raforkumarkaði fyrir hönd dreifiveitna (Netorka)
- 2.29 *Uppsögn með priggja vikna fyrirvara:* Þrjár vikur fyrir mánaðamót þýðir að tilkynning frá söluaðila um nýjan samning hafi borist þjónustuaðila dreifiveitu fyrir miðnætti 10. hvers 31 dags mánaðar, fyrir miðnætti 9. hvers 30 daga mánaðar, fyrir miðnætti 8. hvers 29 daga mánaðar og fyrir miðnætti 7. hvers 28 daga mánaðar.

3. Forsendur

- 3.1 Forsenda raforkuviðskipta almennra notenda er að viðkomandi sé skráður viðskiptavinur dreifiveitu á tilteknum notkunarstað, að neysluveita hans sé tengd dreifikerfinu og að hann hafi gert raforkusölusamning við sölufyrirtæki. Raforkusölusamningur er ekki bundinn notkunarstað.
- 3.2 Aðilaskrá raforkumarkaðar skal notuð til grundvallar samskiptum milli aðila samkvæmt skilmálum þessum
- 3.3 Sölufyrirtæki og dreifiveitur skulu geta skipst á yfirlitsskrá grunngagna fyrir sameiginlega mælistoði til afstemmingar og yfirfærslu upplýsinga vegna breytinga á hlutverki aðila.
- 3.4 Aðilum raforkumarkaðar er heimilt að fela öðrum framkvæmd og umsjón með einstökum atriðum varðandi samskipti samkvæmt skilmálum þessum að því gefnu að viðkomandi undirgangist skuldbindingu um trúnað. Slíkt leysir aðila raforkumarkaðar þó ekki undan ábyrgð sinni og skyldum samkvæmt reglum þessum.

4. Stöðluð skeyti fyrir samskipti

- 4.1 Í samskiptum milli aðila skulu notuð stöðluð skeytaform svo sem Ediel og/eða SVEFXX nema hlutaðeigandi aðilar komi sér saman um annað. Ediel skeytin eru af gerðunum PRODAT, MSCONS og DELFOR sem lýst er nánar í tilvísunum við skilmála þessa.
- 4.2 Verði ágreiningur um skeytaform samskiptanna skal Landsnet skera úr um hvaða skeytaform skuli notað.

5. Skyldur og ábyrgð sölufyrirtækja

- 5.1 Sölufyrirtæki ber að tilkynna um raforkusölusamning við notanda til þeirrar dreifiveitu sem ábyrg er fyrir dreifisvæði notandans. Samþykki notanda á raforkusölusamningi skal liggja til grundvallar tilkynningu sölufyrirtækis til dreifiveitu um nýjan raforkusölusamning.
- 5.2 Við riftun raforkusölusamnings skal sölufyrirtæki tilkynna um lok orkuviðskipta til dreifiveitu.

6. Skyldur og ábyrgð dreifiveitna

- 6.1 Í samræmi við 7. gr reglugerðar um raforkuviðskipti og mælingar ber dreifiveitu ávallt að upplýsa nýja notendur um rétt þeirra til að velja sér sölufyrirtæki og rétt þeirra til að skipta um sölufyrirtæki.
- 6.2 Dreifiveita skal halda skrá yfir grunn- og mæligögn fyrir hvern mælistoð á dreifiveitusvæði sínu.
- 6.3 Dreifiveitu ber að miðla til sölufyrirtækja og jöfnunarábyrgðaraðila breytingum á grunngögnum er varða þeirra notendur.
- 6.4 Dreifiveita ber ábyrgð á öflun mæligagna á dreifiveitusvæði sínu, söfnun, leiðréttingu og staðfestingu mæligagna og dreifingu þeirra til viðkomandi aðila.
- 6.5 Dreifiveitu ber að halda skrá yfir sölufyrirtæki og jöfnunarábyrgðaraðila sem eru með sölu og jöfnunarábyrgð á þeirra dreifiveitusvæði.
- 6.6 Dreifiveitu ber að tilkynna Landsneti um jöfnunarábyrgðaraðila sem eru með jöfnunarábyrgð á þeirra dreifiveitusvæði.


Netmáli	Viðskipti
B6	8.4.2021
	Útgáfa 3.0

7. Skyldur og ábyrgð Landsnets

- 7.1 Landsnet heldur aðilaskrá raforkumarkaðar.
- 7.2 Landsnet gefur út reikniverkskóða fyrir tegund mælingar.
- 7.3 Landsnet gefur út tegundarkóða til notkunar í samskiptum milli aðila á raforkumarkaði með mæli- og uppgjörsgögn.
- 7.4 Landsnet heldur skrá yfir notkunarferilssvæði dreifiveitna.
- 7.5 Landsnet gefur út snið fyrir yfirlitsskrá grunnagna.
- 7.6 Landsnet skal hafa ofangreindar upplýsingar aðgengilegar fyrir aðila á raforkumarkaði.

8. Nýr notkunarstaður/veita

- 8.1 **Enginn samningsbundinn söluaðili eða samningur við fleiri en einn söluaðila:** Sé viðskiptavinur ekki með samningsbundinn söluaðila eða sé hann með samning við fleiri en einn söluaðila verður hann að velja sér söluaðila fyrir þann nýja notkunarstað/veitu sem um ræðir. Í þeim tilfellum sendir þjónustuaðili dreifiveitu SMS og/eða tölvupóst á viðskiptavin til áminningar. Viðskiptavinur hefur samband við þann söluaðila sem hann kys að gera sölusamning við þannig að söluaðilinn geti innan skilgreinds biðtíma sent tilkynningu í formi Z03LK skeytis um raforkusölusamning í notkunarstað til þjónustuaðila dreifiveitu. Ef viðskiptavinur eða söluaðili bregst ekki við innan skilgreinds biðtíma ber þjónustuaðila dreifiveitu að setja hann í viðskipti við það sölufyrirtæki sem Orkustofnun hefur valið til að vera söluaðila til þrautavara hverju sinni.




Mynd 1

- 8.2 **Samningsbundinn söluaðili:** Sé viðskiptavinur með samningsbundinn söluaðili fylgir sá söluaðili viðskiptavini við skráningu nýs notkunarstaðar/veitu og skal þjónustuaðili dreifiveitu setja viðskiptin til samningsbundna söluaðilans um leið veitan er stofnuð hjá dreifiveitu án nokkurs biðtima.. Ákveði viðskiptavinur að velja annan

Netmáli	Viðskipti	
B6	8.4.2021	Útgáfa 3.0

söluaðila í stað samningsbundna söluaðilans fyrir nýja notkunarstaðinn/veituna skal breytingin fara fram með venjulegum söluaðilaskiptum samkvæmt kafla 9 eftir að dreifiveita hefur stofnað nýju veituna.



Mynd 2


- 8.3 Dreifiveitu ber að senda sölufyrirtæki staðfestingu innan skilgreinds biótíma eða strax að honum loknum. Staðfestingin skal vera í samræmi við PRODAT skeyti Z04LK eða Z04A.
- 8.4 Dreifiveita skal senda sölufyrirtæki upplýsingar um frumálestur mælis í formi MSCONS skeyta sem lýst er í tilvísun með skilmálum þessum.

9. Skipti á sölufyrirtæki

- 9.1 Skipti á sölufyrirtæki fara fram á miðnætti við upphaf fyrsta dags hvers mánaðar.
- 9.2 Við skipti á sölufyrirtæki skal hið nýja sölufyrirtæki senda tilkynningu um nýjan samning vegna skipta á sölufyrirtæki til þjónustuaðila dreifiveitu. Tilkynningin skal vera í formi rétt útfyllts Z03L skeytis sem jafngildir uppsögn á raforkusölusamningi við fyrra sölufyrirtæki. Skeytið þarf að hafa borist þjónustuaðila dreifiveitu þremur vikum fyrir mánaðamót eigi skipti á sölufyrirtæki að taka gildi næstkomandi mánaðamót, sjá nánar skiptifrest á mynd 3, annars taka þau gildi næstu mánaðamót þar á eftir, sjá nánar skiptifrest á mynd 4. Sjá einnig skilgreiningu nr. 2.29. Auk kennitölu mælistaðar þarf tilkynning um nýjan samning að innihalda nafn notandans og kennitölu og kóða notkunarferilssvæðis.
- 9.3 Þjónustuaðila dreifiveitu ber að senda staðfestingu um móttöku með APERAK skeyti, innan 24 klukkustunda (miðað við virka daga) frá móttöku, með upplýsingum um hvort skeytið sé rétt útfyllt.
- 9.4 Þjónustuaðila dreifiveitu ber að senda skeyti til staðfestingar á skiptum á sölufyrirtæki til þess sölufyrirtækis sem tekur yfir viðskiptin. Staðfesting skal vera í formi Z04L skeytis og skal send innan 5 virkra daga eftir móttöku Z03L skeytis um nýjan samning vegna skipta á sölufyrirtæki.
- 9.5 Þjónustuaðila dreifiveitu ber að senda Z05L skeyti um samningslok til fyrra sölufyrirtækis. Skeytið skal sent innan 5 virkra daga eftir móttöku Z03L skeytis um nýjan samning vegna skipta á sölufyrirtæki.
- 9.6 Dreifiveita skal útvega álestur af sölumæli og senda bæði eldra og nýju sölufyrirtæki með MSCONS skeyti innan 5 virkra daga frá skiptadegi þar sem tilefni álestrar er tilgreint.


Samskipti og tímasetningar vegna skipta á sölufyrirtæki eru sýnd á myndum 3 og 4.

Skipti á söluaðila á notkunarstað. Tilkynning um nýjan samning berst frá söluaðila meira en 3 vikum fyrir mánaðamót.




Mynd 3

Skipti á söluáldili á notkunarstað. Tilkynning um nýjan samning berst frá söluáldili á síðustu þremur vikum mánaðar.



Mynd 4


- 9.7 Sölufyrtæki getur afturkallað tilkynningu um samning í seinasta lagi 14. dag mánaðarins fyrir fyrirhuguð skipti. Sölufyrtæki skal senda þjónustuaðila dreifiveitu Z03C skeyti um afturköllun á skiptum á sölufyrtæki. Þjónustuaðila dreifiveitu ber að senda Z04C skeyti um staðfestingu á afturköllun til hins nýja sölufyrtækis og Z05C til fyrra sölufyrtækis innan 5 virkra daga. Samskiptum aðila við afturköllun á skiptum á sölufyrtæki er lýst á mynd 5.



Mynd 5

10. Notendaskipti á notkunarstað/veitu


- 10.1 **Flutningur út.** Við flutning út þar sem ekki er ljóst hver tekur við tengisamningi getur dreifiveita lokað fyrir afhendingu í mælistastað eða skráð eiganda húsnæðis fyrir tengisamningi og fara þá notendaskipti í samræmi við kafla 10.2 eða 10.3.
- 10.2 **Enginn samningsbundinn söluaðili eða samningur við fleiri en einn söluaðila:** Sé nýr viðskiptavinur ekki með samningsbundinn söluaðili eða sé hann með samning við fleiri en einn söluaðila verður hann að velja sér söluaðila fyrir þann notkunarstað/veitu sem um ræðir. Í þeim tilfellum sendir þjónustuaðili dreifiveitu SMS og/eða tölvupóst á viðskiptavin til áminningar. Viðskiptavinur hefur samband við þann söluaðila sem hann kýs að gera sölusamning við þannig að söluaðilinn geti innan skilgreinds biðtíma sent tilkynningu í formi Z03LK skeytis um raforkusölusamning í notkunarstað til þjónustuaðila dreifiveitu. Ef viðskiptavinur eða söluaðili bregst ekki við innan skilgreinds biðtíma ber þjónustuaðila dreifiveitu að setja hann í viðskipti við það sölufyrirtæki sem Orkustofnun hefur valið til að vera söluaðila til þrautavara hverju sinni.



Mynd 6

Netmáli	Viðskipti	
B6	8.4.2021	Útgáfa 3.0

- 10.3 **Samningsbundinn söluaðili:** Sé viðskiptavinur með samningsbundinn söluaðila fylgir sá söluaðili viðskiptavini við skráningu notkunarstaðar/veitu. Ákveði viðskiptavinur að velja annan söluaðila í stað samningsbundna söluaðilans fyrir notkunarstaðinn/veituna hefur hann samband við þann söluaðila sem hann kýs að gera sölusamning við áður en notendaskipti eru framkvæmd af dreifiveitu þannig að söluaðilinn geti sent tilkynningu í formi Z03LK skeytis um raforkusölusamning í notkunarstað til þjónustuaðila dreifiveitu. Ef ekki berst tilkynning frá nýjum söluaðila fyrir skráningu notendaskipta hjá dreifiveitu, setur þjónustuaðili dreifiveitu viðskiptin til samningsbundna söluaðilans um leið og notendaskiptin eru framkvæmd og án nokkurs biðtíma.



Mynd 7

11. Söluaðili til þrautavara

- 11.1 Sé viðskiptavinur ekki með samningsbundinn söluaðila og hefur ekki valið sér söluaðila vegna nýrrar veitu eða við notendaskipti, ber þjónustuaðila dreifiveitu að setja hann í viðskipti við söluaðila til þrautavara. Sé viðskiptavinur með fleiri en einn söluaðila skal hann vegna nýrrar veitu eða við notendaskipti velja sér söluaðila, annars ber þjónustuaðila dreifiveitu að setja hann í viðskipti við söluaðila til þrautavara.
- 11.2 Þegar þjónustuaðili dreifiveitu setur viðskiptavin í viðskipti við söluaðila til þrautavara skal hann tilkynna því söluþyrtaði það með Z04A skeyt strax að loknum skilgreindum biðtíma.
- 11.3 Óski viðskiptavinur eftir að kaupa rafmagn af öðrum söluaðila en söluaðila til þrautavara eftir að afhending til hans hefst, skal breytingin fara fram með venjulegum söluaðilaskiptum samkvæmt kafla 9.

12. Álestur

- 12.1 Dreifiveitu ber að útvega álestur af mæli hjá viðskiptavin vegna:
- Upphaf viðskipta.
 - Skipta á söluþyrtaði.
 - Notendaskipta (flutningur inn/út).
 - Reglubundinna uppgjöra.
 - Mælaskipta.
 - Loka viðskipta (niðurtöku mælis).
- 12.2 Álestur vegna skipta á söluþyrtaði og notendaskipta skal fara fram á skiptadegi eða innan 5 virkra daga fyrir eða eftir skiptadag. Nota skal álestur sem ekki er tekin á skiptadegi til útreikninga á álestri sem skrá skal á skiptadag.

Netmáli	Viðskipti	
B6	8.4.2021	Útgáfa 3.0

Ef álestur næst ekki skal dreifiveita áætla álestur í samráði við viðkomandi sölufyrirtæki. Reynist áætlun röng er dreifiveitu heimilt að leiðréttá álesturinn

- 12.3 Uppgjörsálestur skal fara fram á 12 mánaða fresti og vera óháður öðrum álestrum.
- 12.4 Dreifiveitu er heimilt að taka við álestri frá notanda (sjálfsálestri), til árlegs uppgjörs, vegna skipta á sölufyrirtæki og vegna notandaskipta. Dreifiveita skal þá sannreyna álesturinn miðað við fyrri álestra og notkun eða á annan þann hátt sem hún telur nægjanlegt. Telji dreifiveita að vafi leiki á áreiðanleika sjálfsálesturs skal dreifiveita lesa af mæli. Dreifiveita skal lesa af mælum hjá almennum notendum að lágmarki fjórða hvert ár.
- 12.5 Hafi sölufyrirtæki athugasemdir við álestra skal það senda rökstutt erindi þess efnis til dreifiveitu sem skal svara athugasemdum og/eða senda nýjan álestur.
- 12.6 Þjónustuaðili dreifiveitu skal senda gögn vegna reglubundinna uppgjöra eigi síðar en 30 dögum eftir að álestur átti sér stað, í formi MSCONS skeyta.
- 12.7 Í samskiptum með gögn um mælaálestra skal tilgreina kóða fyrir ástæðu álestrar.

13. Riftun orkusölusamnings

- 13.1 Sölufyrirtæki skal senda tilkynningu til þjónustuaðila dreifiveitu um fyrirhuguð lok raforkuviðskipta og samrit til notanda, þegar ekki er um skipti á sölufyrirtæki að ræða. Tilkynningu um lok viðskipta skal senda a.m.k. 30 dögum fyrir fyrirhuguð lok.
- 13.2 Uppsögn sölufyrirtækis á raforkusölusamningi tekur gildi við mánaðarmót.
- 13.3 Þjónustuaðili dreifiveitu skal staðfesta móttöku á tilkynningu um riftun á sölusamningi.
- 13.4 Berist þjónustuaðila dreifiveitu ekki Z03LK skeyti um nýjan sölusamning fyrir mælistað frá sölufyrirtæki skal úthluta notandanum sölufyrirtæki sbr. 11. grein skilmála þessa.
- 13.5 Við lok afhendingar útvegar dreifiveita álestur af sölumæli og sendir sölufyrirtæki upplýsingar um mælaálestur með MSCONS skeyti.

14. Trúnaður

- 14.1 Þeir sem fá upplýsingar í hendur á grundvelli skilmála þessara eru bundnir trúnaði um þær upplýsingar. Þeim er óheimilt að miðla upplýsingum til annarra en þeirra sem rétt hafa á að fá upplýsingarnar á grundvelli þessara skilmála. Vísast í því sambandi m.a. til 8. mgr. 9. gr. og 7. tl. 3. mgr. 16. gr. og raforkulaga nr. 65/2003.

15. Bótaskylda og óviðráðanleg öfl

- 15.1 Ákvæði 9. greinar Almennra skilmála Landsnets um flutning rafmagns og kerfisstjórnun varðandi ábyrgð gildir um bótaábyrgð aðila á grundvelli þessara skilmála.
- 15.2 Ákvæði 10. greinar Almennra skilmála um flutning rafmagns og kerfisstjórnun varðandi óviðráðanleg öfl gildir um samskipti aðila á grundvelli þessara skilmála.

16. Eftirlit og úrræði

- 16.1 Orkustofnun hefur eftirlit með því að fyrirtæki sem falla undir gildissvið raforkulaga nr. 65/2003 starfi samkvæmt lögnum og fullnægi þeim skilyrðum sem um starfsemina gilda samkvæmt lögum, reglugerðum og skilmálum þessum.
- 16.2 Komi upp ágreiningur um framkvæmd eða túlkun ákvæða þessara skilmála skal í þeim tilvikum þar sem Orkustofnun hefur úrskurðarvald á grundvelli VII. og VIII. kafla raforkulaga leita úrlausnar stofnunarinnar og úrskurðarnefndar raforkumála þar sem það á við. Úrskurði úrskurðarnefndar má vísa til dómstóla skv. 30 gr. VII. kafla raforkulaga.
- 16.3 Heyri úrlausn ágreinings ekki undir Orkustofnun má vísa málinu til úrlausnar héraðsdóms í umdæmi annars hvors eða eins aðila ágreiningsins.

17. Tilvísanir

Eftirfarandi tilvísanir sem tilheyra þessu skjali eru vistaðar á heimasíðu Landsnets, www.landsnet.is.

1. [Aðilaskrá raforkumarkaðar](#).
2. [Notkunarferilssvæði](#).
3. [Stöðluð Ediel skeyti í samskiptum orkufyrirtækja](#).

Netmáli	Viðskipti
B6	8.4.2021
	Útgáfa 3.0

4. [Upplýsingar í PRODAT Z03, Z04 og Z05 skeytum.](#)
5. [Kóðar fyrir ástæður álestra í MSCONS skeytum.](#)
6. [Tegundarkóðar.](#)
7. [Reikniverkskóðar og lotuskipting.](#)
8. [Yfirlitsskrá grunngagna](#)

Tilvísun 1

Aðilaskrá

raforkumarkaðar

Fyrirtæki	Hlutverk	Áb. aðili	LNK	Notkunarferls- svæði	Ediel- auð- kenni	Netfang	Tengiliðaupplýsingar		
							Tengiliður	Netfang tengiliðar	
Orkusalan ehf	Söluaðili	RKS	RKS	11001	orkusalan@orkusalan.is	Sunneva Árnadóttir	sunneva@orkusalan.is	
	Jöfnunarábyrgur	RKJ	RKJ	12001	thengill@orkusalan.is nostradamus@orkusalan.is	Þengill Ásgrimsson	thengill@orkusalan.is	
	Rarik ohf	rk	Dreifiveita	RKD	RKD	101 600	13001	zdreifing@rarik.is	
	Alestrarbeidiðir							Jón Guðmundsson	
	Orkuvinnsla		RKO	RKO	14001	zalestrar@rarik.is	Jongud@rarik.is	
HS Orka hf	Söluaðili	HSS	HSS	11002	ff@hsorka.is ej@hsorka.is	Friðrik Friðriksson cc Egill Jóhannsson	ff@hsorka.is ej@hsorka.is	
	Jöfnunarábyrgur	HSJ	HSJ	12002	ff@hsorka.is ej@hsorka.is	Friðrik Friðriksson cc Egill Jóhannsson	ff@hsorka.is ej@hsorka.is	
	Orkuvinnsla	HSO	HSO	14002	ff@hsorka.is ej@hsorka.is	Friðrik Friðriksson cc Egill Jóhannsson	ff@hsorka.is ej@hsorka.ls	
HS Veitur hf	hs	Dreifiveita	HSD	HSD	301 302 312 313 314	13002	egill@hsveitur.is	Egill Sigmundsson	
	Alestrarbeidiðir						egill@hsveitur.is		
	Söluaðili	ORS	ORS	11003	orkusala@on.is	Kristján Már Atlason	Kristjan.Mar.Atlason@on.is	
Orka náttúrunnar	Jöfnunarábyrgur	ORJ	ORJ	12003	orkujofnun@on.is	Þrándur Sigurðin Ólafsson	thrandurso@on.is	
	Orkuvinnsla	ORO	ORO	14003		Óskar Gunnarsson	Oskar.Gunnarsson@on.is	
	Veitur ohf	or	Dreifiveita	ORD	ORD	200	13003 Net-Dreifing@or.is	Sigurður J. Ógmundsson	siggi@hsveitur.is
	Alestrarbeidiðir						beldnarfranetorku@or.is	Þorbjörð Bjarnadóttir	thorbjorg.bjarnadottir@or.is
Orkubú Vestfjarða hf	Söluaðili	OVS	OVS	11004	raforkupantanir@ov.is	Bjarni Sölborgsson	bs@ov.is	
	Jöfnunarábyrgur	OVJ	OVJ	12004	raforkupantanir@ov.is	Bjarni Sölborgsson	bs@ov.is	
	Dreifiveita	OVD	OVD	400	13004	hm@ov.is	Hallfríðr Magnússon	hm@ov.is	
	Alestrarbeidiðir						salestur@ov.is	Ragnar Emilsson	re@ov.is
Fallorka ehf	Söluaðili	NOS	NOS	11005	andri@fallorka.is	Andri Teitsson	andri@fallorka.is	
	Jöfnunarábyrgur	NOJ	NOJ	12005	andri@fallorka.is	Andri Teitsson	andri@fallorka.is	
	Orkuvinnsla	NOO	NOO	14005	andri@fallorka.is	Andri Teitsson	andri@fallorka.is	
Norðurorka hf	no	Dreifiveita	NOD	NOD	500	13005 ingvar@no.is	Ingvar Gáðarsson	ingvar@no.is	
	Alestrarbeidiðir						thjonestuver@no.is	Berghildur Ása Ólafsdóttir	berghildur@no.is
	Orkuveita Húsavíkur	oh	Orkuvinnsla	OHO	OHO	14006			
Landsvirkjun	Iv	Söluaðili	LVS	LVS	11007 landsvirkjun@lv.is	Edvard G. Guðnason	Edvard.G.Gudnason@landsvirkjun.is	
	Jöfnunarábyrgur	LVJ	LVJ	12007	raforkupantanir@lv.is	Eggert Guðjónsson	Eggert.Gudjonsson@landsvirkjun.is	
	Orkuvinnsla	LVO	LVO	14007		Eggert Guðjónsson	Eggert.Gudjonsson@landsvirkjun.is	
Landsnet hf	In	Kerfisstjóri	LNK	LNK	15009 landsnet@landsnet.is	Ragnar Guðmannsson	ragnargu@landsnet.is	
	Jöfnunarábyrgur	LNJ	LNJ	12009	landsnet@landsnet.is	Íris Baldursdóttir	iris@landsnet.is	
	Dreifing	LND	LND	900	13009				
Íslensk orkumídlun	io	Söluaðili	IOS	IOS	11010 magnus@islenskorkumidlun.is	Magnús Júlíusson	magnus@islenskorkumidlun.is	
	Jöfnunarábyrgur	IOJ	IOJ	12010	magnus@islenskorkumidlun.is	Magnús Júlíusson	magnus@islenskorkumidlun.is	
Orka heimilanna	oa	Söluaðili	OAS	OAS	11011 bjarni@orkaheimilanna.is	Bjarni Ingvar Jóhannsson	bjarni@orkaheimilanna.is	
	Jöfnunarábyrgur	OAJ	OAJ	12011	loftur@orkaheimilanna.is	Loftur Már Sigurðsson	loftur@orkaheimilanna.is	
Straumlind	sl	Söluaðili	SLS	SLS	11012 straumur@straumlind.is	Alexander Moses	alexander@straumlind.is	
	Jöfnunarábyrgur	SLJ	SLJ	12012	straumur@straumlind.is	Alexander Moses	alexander@straumlind.is	
Netorka	ne	Umboðsaðili	NEO	NEO	20000		Torfi Helgi Leifsson	torfi@netorka.is	
Elkem Ísland	Jöfnunarábyrgur	LVJ			raforkupantanir@lv.is	Guðmundur Ólafsson	gudmundur.olafsson@elkem.com	
Norðurárl	Jöfnunarábyrgur	LVJ	ORJ	HSJ	raforkupantanir@lv.is orkujofnun@on.is ff@hsorka.is	Örvar Ármannsson	orvara@nordural.is	
ÍSAL	Jöfnunarábyrgur	LVJ			raforkupantanir@lv.is	Eyrún Linnet	eyrun@riotinto.com	
Alcoa Fjarðaál	Jöfnunarábyrgur	LVJ			raforkupantanir@lv.is	Sigurður Friðrik Jónsson	sigurdurf.jonsson@alcoa.com	
Becromal Iceland	Jöfnunarábyrgur	LVJ			raforkupantanir@lv.is	Stefán Jónsson	stefan.jonsson@becromal.it	
Verne Global	Jöfnunarábyrgur	LVJ			raforkupantanir@lv.is	Albert Eövaldsson	albert@vernglobal.com	

Netmáli	Viðskipti	
B6	8.4.2021	Útgáfa 3.0

Tilvísun 2

Notkunarferilssvæði

Dreifiveita hefur heimild til að skipta dreifiveitusvæði sínu í fleiri en eitt notkunarferilssvæði í samræmi við 2. mgr. 46 gr. reglugerðar um raforkuviðskipti og mælingar.

Dreifiveita skal skila Landsneti lýsingu á sérhverju notkunarferilssvæði þar sem auðkenni þeirra tímamældu mælistaða sem afmarka notkunarferilssvæði kemur fram ásamt nafni og því auðkenni notkunarferilssvæðis sem dreifiveita kýs.

Landsnet viðheldur skrá með lýsingum notkunarferilssvæða og mælistaða sem afmarka þau ásamt númerum þeirra.

Meðfylgjandi tafla sýnir skiptingu dreifiveitusvæða í notkunarferilssvæði og kóða þeirra

Dreifiveita	Kóði	Afmörkun notkunarferilssvæðis
Rarik	101	Allt dreifiveitusvæði Rarik
Veitur	200	Allt dreifiveitusvæði Veitna
HS Veitur	301	Suðurnes fyrir utan Grindavík
HS Veitur	302	Grindavík
HS Veitur	312	Hafnarfjörður, Álfanes og Garðabær (vestan lækjari)
HS Veitur	313	Vestmannaeyjar
HS Veitur	314	Árborg
Orkubú Vestfjarða	400	Allt dreifiveitusvæði OV
Norðurorka	500	Allt dreifiveitusvæði Norðurorku (Akureyri)
Orkuveita Húsavíkur	600	Allt dreifiveitusvæði OH (Húsavík)
Rafveita Reyðarfjarðar	801	Allt dreifiveitusvæði RR

Netmáli	Viðskipti
B6	8.4.2021

Útgáfa 3.0

Tilvísun 3

Stöðluð Ediel skeyti í samskiptum orkufyrirtækja

Auðkenni skeytis	Tegund	Heiti	Sent milli aðila
Z03L	PRODAT	Nýr samningur vegna skipta á sölufyrirtæki	Nýtt sölufyrirtæki til dreifiveitu
Z03LK	PRODAT	Notendaskipti – nýr notandi og nýtt sölufyrirtæki	Nýtt sölufyrirtæki tildreifiveitu
Z03C	PRODAT	Afturköllun á skiptum um sölufyrirtæki	Nýtt sölufyrirtæki til dreifiveitu
Z04L	PRODAT	Staðfesting á skiptum um sölufyrirtæki	Dreifiveita til nýs sölufyrirtækis
Z04K	PRODAT	Staðfesting á notendaskiptum – nýr notandi	Dreifiveita til nýs sölufyrirtækis
Z04LK	PRODAT	Staðfesting á notendaskiptum og skiptum um sölufyrirtæki	Dreifiveita til nýs sölufyrirtækis
Z04A	PRODAT	Nýr samningur til úthlutaðs sölufyrirtækis*)	Dreifiveita til úthlutaðs sölufyrirtækis*)
Z04C	PRODAT	Afturköllun á staðfestingu	Dreifiveita til nýs sölufyrirtækis
Z05L	PRODAT	Staðfesting á skiptum um sölufyrirtæki	Dreifiveita til fyrra sölufyrirtækis
Z05LK	PRODAT	Staðfesting á notendaskiptum og skiptum um sölufyrirtæki	Dreifiveita til fyrra sölufyrirtækis
Z05C	PRODAT	Afturköllun á staðfestingu	Dreifiveita til fyrra sölufyrirtækis
Z10	PRODAT	Tilkynning um mælaskipti	Dreifiveita til fyrra sölufyrirtækis
	MSCONS	Mælaálestur / mæliröð	
	DELFOR	Upplýsingar um hlutfallstölur notkunarferils	
	APERAK	Staðfesting um móttöku tilkynningar	

*) Skeytið Z04A er einnig notað sem staðfesting á að dreifiveita hafi frá ákveðnum degi hafið afhendingu á raforku til notanda sem þegar hefur samning við viðkomandi sölufyrirtæki í nýjum mælistað.

Netmáli	Viðskipti
B6	8.4.2021

Útgáfa 3.0

Tilvísun 4**Upplýsingar í PRODAT Z03, Z04 og Z05 skeytum**

	Auðkenni skeytis*			
Nafn svæðis	Z03	Z04	Z05	Athugasemd
Fyrirsagnir				
Heiti skeytis	R	R	R	PRODAT aðgerð Z03, Z04,Z05
Kenni skeytis	R	R	R	Einkvæmt kenni fyrir skeytið
Aðgerð skeytis	O	O	O	
Dagsetning skeytis	R	R	R	Dagsetning hvenær PRODAT skeyti er búið til
Tímasvæði	R	R	R	Tímasvæði er alltaf 1 á Íslandi.
Frjáls texti	O	O	O	Frjáls texti í fyrirsögn sem ekki ætti að nota nema í undantekningatilfellum
Upplýsingar um aðila				
Auðkenni sendanda	R	R	R	Ediel kenni þess sem sendir skeytið
Tengiliður sendanda	O	O	O	
Stofnunarnúmer sendanda	O	-	-	
Auðkenni umboðsaðila sendanda	D	D	D	Ef móttakandi notar umboðsmann
Tengiliður umboðsaðila sendanda	O	O	O	
Auðkenni móttakandi	R	R	R	Ediel kenni þess sem móttakur skeyti
Tengiliður móttakanda	O	O	O	Tengiliður móttakanda ásamt símanúmeri og tölvupóstfangi
Auðkenni umboðsaðila móttakanda	D	D	D	Ef móttakandi notar umboðsaðili á gefa upp Ediel kenni umboðsaðila
Tengiliður umboðsaðila móttakanda	O	O	O	Nafn tengiliðs ásamt símanúmeri og tölvupóstfangi
Innihald skeytis				
Kennitala mælistaðar	R	R	R	Kennitala mælistaðar það sem eigandi veitu hefur gefið veitunni
Númer teljaraverks	-	D	-	Raðnúmer fyrir hvert teljaraverk fyrir mælistað. Skilt er að gefa þetta upp fyrir mælistaði mæla með fleiri en eitt teljaraverk.

* R = Nauðsynlegar upplýsingar; D = Stundum nauðsynlegar upplýsingar; O = Valfrjálsar upplýsingar

Netmáli	Viðskipti	
B6	8.4.2021	Útgáfa 3.0

Tilvísun 5

Kóðar fyrir ástæður álestra í MSCONS skeytum

Öll skýrslugjöf um mælaálestra eru send með MSCONS skeytum.

Í meðfylgjandi töflu er kóði sem notaður er í MSCONS skeytum til að lýsa ástæðum mælaálestra.

Kóði	Nafn/Notkun
1	<i>Lotubundinn.</i> Algengasti kóðinn sem er notaður við venjulega reglubundna álestra.
2	<i>Skípti á sölufrirtæki.</i> Notaður við skípti á sölufrirtæki, notendaskípti og lok afhendingar. <ul style="list-style-type: none"> Þegar nýja sölufrirtækið fær skeyti með þessum kóða þá veit það að nú kemur fyrsta MSCONS-skeytið fyrir mælistadinn. Ef fyrra sölufrirtæki hefur fengið PRODAT Z05 skeyti varðandi skípti á sölufrirtæki og fær þetta MSCONS-skeyti þá inniheldur það síðustu mælastöðuna fyrir mælistadinn. Ef einungis er um flutning að ræða sýnir skeytið mælistöðuna við notendaskíptin.
3	<i>Eftirlitsálestur.</i> Notaður þegar dreifiveita eða notandi hefur framkvæmt álestur utan lotubundinna álestra. Til dæmis ef dreifiveita framkvæmir eftirlitsálestur. Kóði 3 er einnig notaður ef notandi eða sölufrirtæki framkvæma sérstakan álestur. Kóðann má einnig nota þegar mælistöður eru gefnar upp eða breytt er uppsetningum svo sem eftir breytingar á dreifisvæðum.
4	<i>Mælaskípti (síðasti álestur gamla mælisins).</i> Notaður við mælaskípti og við mæla sem eru endurnýjaðir en ekki skipt út.
5	<i>Mælaskípti (fyrsti álestur nýs mælis).</i> Notað við mælaskípti og við mæla sem eru endurnýjaðir en ekki skipt út.
6	<i>Leiðréttинг mælaálesturs.</i> Kóði fyrir leiðréttningar bæði notaður við leiðréttningar á álesnum og reiknuðum mælastöðum ásamt leiðréttингum á tímasetningum mælastöðu.
7	<i>Skípti um jöfnunarábyrgðaraðila.</i> Notaður við skípti um jöfnunarábyrgðaraðila.
8	<i>Uppfærsla á grunngögnum, mælistatíð, þörf á mælaálestri.</i> Notaður við álestur til að fylgja eftir breyttum grunngögnum, þar sem breyttar upplýsingar framkalla álestur.

Netmáli	Viðskipti	
B6	8.4.2021	Útgáfa 3.0

Tilvísun 6

Tegundarkóðar

Landsnet gefur út tegundarkóða til notkunar í samskiptum með mæli-, og uppgjörsgögn í samræmi við Netmála B6 og B7.

Tegundarkóðarnir eru að stofni til þeir sömu og notaðir eru í Ediel samskiptum á sænska raforkumarkaðnum. Ekki er þó teknir upp allir tegundakóðar af lista „Produktkodlista“ Svenska Kraftnet, heldur einungis þeir sem þörf er á að nota á Íslandi.

Þeir sem telja sig þurfa að nota aðra tegundarkóða en birtir eru í neðangreindri töflu geta leitað eftir nýjum kóðum hjá Landsneti. Stuðst verður við „Produktkodlista“ Svenska Kraftnet við ákvörðun kóðanna.

Birting á tegundarkóðalista er á vef Landsnets.

Eftirfarandi tafla sýnir þá tegundarkóða sem notaðir verða í samskiptum fyrirtækja á raforkumarkaði.

Kóði	Lýsing	Samskiptaform
1001	Mæld innmötun/úttekt við tengt netkerfi	MSCONS/SVEFXX
1002	Mæld uppsöfnuð framleiðsla óskilgreind (díselvélasumma)	MSCONS/SVEFXX
1003	Samantekin tímamæld notkun	MSCONS/SVEFXX
1004	Mæld uppsöfnuð óskilgreind notkun (Notkunarferill)	MSCONS/SVEFXX
1005	Mæld notkun á ótryggðri raforku	MSCONS/SVEFXX
1007	Reiknuð nettöp vegna notkunarferils	
1009	Mæld raforka til nets, uppgjörsgildi (framleiðsla)	MSCONS/SVEFXX
1010	Mæld orka frá neti, uppgjörsgildi með mínus formerki	MSCONS/SVEFXX
2055	Mæld orka frá neti, uppgjörsgildi með plús formerki	MSCONS
1800	Áætluð hlutfallstala notkunar í kWh fyrir HL	DELFOR
1801	Áætluð hlutfallstala notkunar í kWh fyrir LL	DELFOR
1802	Endanleg hlutfallstala notkunar fyrir HL	DELFOR
1803	Endanleg hlutfallstala notkunar fyrir LL	DELFOR
1804	Áætluð hlutfallstala notkunar fyrir HL í prósentum	DELFOR
1805	Áætluð hlutfallstala notkunar fyrir LL í prósentum	DELFOR
1806	Endanleg hlutfallstala notkunar fyrir HL í prósentum	DELFOR
1807	Endanleg hlutfallstala notkunar fyrir LL í prósentum	DELFOR
1808	Áætluð hlutfallstala tapa í kWh fyrir HL	DELFOR
1809	Áætluð hlutfallstala tapa í kWh fyrir LL	DELFOR
1810	Endanleg hlutfallstala tapa fyrir HL (í kWh)	DELFOR
1811	Endanleg hlutfallstala tapa fyrir LL (í kWh)	DELFOR
1812	Áætluð hlutfallstala tapa fyrir HL í prósentum	DELFOR
1813	Áætluð hlutfallstala tapa fyrir LL í prósentum	DELFOR
1814	Endanleg hlutfallstala tapa fyrir HL í prósentum	DELFOR

Dreifiveitur munu senda frá sér uppgjörsgögn vegna notkunarferilsuppgjörs með viðeigandi tegundarkóðum. Þessir kóðar verða færðir inn í framangreinda töflu þegar ljóst er hvaða kóðar verða notaðir til að lýsa þeim uppgjörsgögnum sem send verða milli fyrirtækja.

Netmáli	Viðskipti
B6	8.4.2021
	Útgáfa 3.0

Tilvísun 7

Reikniverkskóðar og lotuskipting - útgáfa 1.0

Listi yfir reikniverkskóða vísar til þeirra upplýsinga sem tilgreindar eru í svæðinu „Tímarammi mælingar“ (e. Meter time frame) í Ediel skeytunum PRODAT og MSCONS.

Tilgangur samræmdra reikniverkskóða er að tryggja að við sendingar mæligagna skilji móttakandi gögnin á sama hátt og sendandinn ætlast til.

Að baki hverjum reikniverkskóða er lotuskipting sem lýst er í meðfylgjandi töflu. Lotuskiptingin ber einnig kóða. Lotuskiptingar bera kóða og er einn þeirra samhljóða reikniverkskóða.

Þeir sem þurfa á reikniverkskóða og lotuskiptingu að halda til að skiptast á mæligögnum geta leitað til Landsnets sem úthlutar nýjum kóða og hindrar þannig notkun á sama reikniverkskóða og lotuskiptingu í mismunandi tilgangi.

Reikniverkskóðar eru notaðir til að lýsa hvernig mælingum í mælistað er skipt milli háálagstíma (HL) og lágálagstíma (LL).

Kóði	Lotu	Reikniverk		Tími	Dagar	Mánuðir	Helgid.	Mæling
	skipting					tafla		
101	101	Eitt reikniverk	LL	00-24	Mán-sun	Jan-des	0	Einföld - 1 reikniverk
201	201	Orkumagn - dagtími	HL	07-23	Mán-sun	Jan-des	0	Einföld - 2 reikniverk
	202	Orkumagn - nærturtími	LL	23-07	Mán-sun	Jan-des		
211	211	Orkumagn - dagtími	HL	08-21	Mán-sun	Jan-des	0	Einföld - 2 reikniverk
	212	Orkumagn - nærturtími	LL	21-08	Mán-sun	Jan-des		
221	221	Orkumagn - dagtími	HL	08-20	Mán-sun	Jan-des	0	Einföld - 2 reikniverk
	222	Orkumagn - nærturtími	LL	20-08	Mán-sun	Jan-des		
231	231	Orkumagn háálag	HL	10-12	Mán-fös	Nóv-feb	0	
				17-19	Mán-fös	Nóv-feb		
	232	Orkumagn lágálag	LL	00-24	Lau-sun	Jan-des		
				00-24	Mán-fös	Mar-okt		
				12-17	Mán-fös	Nóv-feb		
				19-10	Mán-fös	Nóv-feb		

Netmáli	Viðskipti	
B6	8.4.2021	Útgáfa 3.0

Tilvísun 8

Yfirlitsskrá grunngagna

Bakgrunnur

Forsenda þess að fyrirtæki geti miðlað upplýsingum sín á milli með Ediel skeytum er að dreifiveitur og sölufyrirtæki hafi sömu upplýsingar um mælistaði og notendur.

Við afstemmingu gagnagrunnskerfa er notuð yfirlitsskrá grunngagna. Yfirlitsskráin er notuð til útreiknings hlutfallstalna, tilkynninga um skipti á sölufyrirtæki og flutninga.

Yfirlitsskrá grunngagna er notuð til að senda umfangsmiklar breytingar á grunnupplýsingum svo sem þegar eitt sölufyrirtæki eða jöfnunarábyrgur tekur yfir alla notendur annars sölufyrirtækis við samruna eða sölu fyrirtækja á raforkumarkaði.

Við afstemmingar, hjá til að mynda sölufyrirtæki, skal gera frávikalista og skal sérhvert frávik greint sérstaklega áður en gagnagrunnskerfi eru uppfærð en þeir ekki notaðir til sjálfvirkrar uppfærslu gagnagrunna.

Skrána má lesa inn í og búa til í gagnagrunnskerfi eða með hjálp töflureikna eins og Excel.

Notkunarleiðbeiningar

Skráin er notuð bæði af dreifiveitu og sölufyrirtæki á eftirfarandi hátt:

Dreifiveita notar yfirlitsskrá grunngagna:

- Til miðlunar á upplýsingum um mælistaði
- Til miðlunar upplýsinga um breytt auðkenni mælistaða
- Til miðlunar upplýsinga um mælistaði sem flytja á til nýrrar eða annarrar dreifiveitu

Sölufyrirtæki notar yfirlitsskrá grunngagna:

- Til miðlunar upplýsinga um mælistaði sem flytja skal til nýs sölufyrirtækis svo sem við sameiningu sölufyrirtækja. Þó einungis eftir sameiginlega ákvörðun aðila
- Í tengslum við miðlun á núverandi jöfnunarábyrgð eða vegna breytinga á jöfnunarábyrgð fyrir ákveðna mælistaði

Hver skrá inniheldur "höfuð" en þar á eftir fylgir ein eða fleiri upplýsingaröð, þ.e. ein röð fyrir hvern mælistað. Semikomma skal vera milli allra upplýsinga og tvöföld semikomma (;;) þar sem upplýsingum er sleppt.

Skráin á að innihalda alla viðeigandi mælistaði fyrir uppgefna tímasetningu.

Sé tímasetning yfirlitsskrárinna sett á fyrsta dag mánaðar, til dæmis 20060601, og sendur er listi yfir mælistaði (ekki breytingar auðkenna), getur sá sem móttetur skrána reiknað með að skráin innihaldi alla mælistaði sem sölufyrirtæki hafði þennan ákveðna mánuð til dæmis mælistaði sem tilheyrðu sölufyrirtæki ákveðinn hluta júní mánaðar svo fremi að annað hafi ekki verið ákveðið á milli aðila. Aðilar geta einnig orðið sammála um annað snið fyrir upplýsingasvið fyrir þessa notkun á skránni til dæmis „júní 2006”.

Fyrir breytingar á auðkennum á að nota uppgefið snið dagsetningar ÁÁÁÁMMDD. Þegar dreifiveita sendir skrá með mælistöðum þá er það yfirleitt vegna beiðni frá sölufyrirtæki. Með því móti veit sölufyrirtæki hvert innihald dagsetningarsvæðisins er.

Nafn yfirlitsskrár grunngagna á að vera á eftirfarandi formi:

MSnnnnnlllllÁÁÁÁMMDD.ysg.

Þar sem „nnnnn” í skráarheiti er Ediel auðkenni sendandans og „lllll” er Ediel auðkenni móttakandans. Dagsetningin á sniðinu ÁÁÁÁMMDD (til dæmis 20060601) lýsir þeim degi er skráin er búin til.

Skráarsnið fyrir yfirlitsskrá grunngagna

Haus			
Tegund skráar	"SA" - skipti um auðkenni, notað þegar skipt er um kennitölu mælistaðar, mælisnúmer, afstemmingu skuldbindinga söluaðila, breytingar á jöfnunarábyrgð eða hjá dreifiveitu "ML" - listi yfir mælistaði	Skal alltaf skrá	
Ediel auðkenni	Ediel auðkenni dreifiveitu	Skal alltaf skrá	
Nafn	Nafn dreifiveitu	Skal alltaf skrá	
Ediel auðkenni	Ediel auðkenni söluaðila	Skal alltaf skrá	
Nafn	Nafn söluaðila	Skal alltaf skrá	
Dagsetning	Dags fyrir skipti um auðkenni eða dagsetning hvenær mælistaðalisti er gildur. ÁÁÁÁMMDD	Skal alltaf skrá	
Útgáfa	Útgáfa sniðs fyrir yfirlitsskrá grunngagna	Skal alltaf skrá	
Upplýsingalínur			
Notkunarferilssvæði	Núverandi notkunarferilssvæði	Skal alltaf að skrá	
Auðkenni mælistaðar	Núverandi auðkenni mælistaðar	Skal alltaf að skrá	
Kóðalisti	Listi yfir hvaða kóðakerfi auðkenni mælistaðar "1" Kennitöluröð dreifiveitu og Landsnets		Skal alltaf að skrá
Notkunarferilssvæði	Nýtt notkunarferilssvæði	Gefið upp ef skipt er um auðkenni annars sleppt ;; í skránni	Bara sent af dreifiveitu
Auðkenni mælistaðar	Nýtt auðkenni mælistaðar	Gefið upp ef skipt er um auðkenni annars sleppt ;; í skránni	Bara sent af dreifiveitu
Kóðalisti	Listi yfir hvaða kóðakerfi nýtt auðkenni mælistaðar "1" Kennitöluröð dreifiveitu og Landsnets	Gefið upp fyrir nýtt auðkenni	Bara sent af dreifiveitu
Mælanúmer		Annað hvort er gefið upp mælisnúmer eða raðnúmer	Mælisnúmer og/eða raðnúmer er alltaf gefið upp frá dreifiveitu
Raðnúmer	Raðnúmer sem notað er við miðlun mæligagna með MSCONS	Sjá mælanúmer	Sjá mælanúmer
Uppgjörsaðferð	Gefin upp með kóða N=Notkunarferill, T=Tímaraðauppgjör	Alltaf gefið upp þegar DV sendir	
Nafn	Nafn notandans	Alltaf gefið upp	
Heimilisfang	Heimilisfang mælistaðar	Gefið upp ef þekkt	
Póstnúmer	Póstnúmer mælistaðar	Gefið upp ef þekkt	
Kennitala	Kennitala notanda	Alltaf gefið upp	
Ediel auðkenni	Ediel auðkenni núverandi jöfnunarábyrgs	Alltaf gefið upp	
Ediel auðkenni	Ediel auðkenni nýs jöfnunarábyrgs	Gefið upp ef verið er að skipta	Bara sent af söluaðila
Ediel auðkenni	Ediel auðkenni núverandi söluaðila	Gefið upp ef verið er að skipta	Bara sent af söluaðila
Ediel auðkenni	Ediel auðkenni nýs söluaðili við breytingar á söluaðila	Gefið upp ef verið er að skipta	Bara sent af söluaðila
Ediel auðkenni	Ediel auðkenni núverandi dreifiveitu	Gefið upp ef verið er að skipta	Bara sent af dreifiveitu
Ediel auðkenni	Ediel auðkenni nýrrar dreifiveitu	Gefið upp ef verið er að skipta	Bara sent af dreifiveitu
Arsnotkun	Gefur upp útreiknaða ársnotkun	Alltaf gefið upp	Bara sent af dreifiveitu
Álestrartíðni	Kóði fyrir tíðni álestrar eða söfnunar: D - dagur, V - vika, M - mánuður, F - ársfjórðungur, Á - ár	Alltaf gefið upp	Bara sent af dreifiveitu